

Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis

Umsögn Sögufélags Kópavogs um frumvarp um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Mál nr. 55/2024 S-55/2024.

Ekki er að sjá að tekið hafi verið að neinu leyti tillit til þeirra faglegu ábendinga sem fram komu í samráðsgátt stjórnvalda við drög að þessu frumvarpi sem stóðu til þess að verja tilvist héraðsskjalasafna. Þar á meðal er umsögn Sögufélags Kópavogs (sjá fylgiskjal).

Ekki er að sjá að varðveisla einkaskjalasafna sé að neinu leyti tryggð með þessu frumvarpi. Vegna ákvarðana Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um að leggja niður héraðsskjalasöfn sín hefur traust almennings á opinberum vörslustofnunum menningarverðmæta beðið alvarlegan hnekki m.a. með þeim afleiðingum að einkaskjalasöfn berast þeim síður en áður.

Ekki er að sjá að Þjóðskjalasafn muni taka við fylgifé (menningarminjum) skjalasafna í vörslu Héraðsskjalasafns Kópavogs til varðveislu ef marka má orð sviðsstjóra í greinargerð til bæjarráðs Kópavogs sem lögð var fyrir 3172. fund þess 2. maí sl. Hvað á að verða um þessa mikilvægu hluti?

Algerlega er óljós sá kostnaður sem sveitarfélög sem afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín þurfi að bera í framhaldi af þessu frumvarpi.

Útfærsla á aðgengi almennings að skjölum sveitarfélaga í Þjóðskjalasafni er algerlega óljós. T.a.m. er persónuvernd notenda í uppnámi ef tilkynning um not þeirra af skjölum berst jafnaðarlega með reikningum til sveitarfélagsins fyrir veitta þjónustu Þjóðskjalasafnsins.

Svo virðist sem þrengt verði að aðgengi almennings í Kópavogi að gögnum sbr. 5. gr. upplýsingalaga 140/2012 með því að fara þarf út fyrir Kópavogsbæ til að afla upplýsinga úr skjölum hans.

Kópavogsbær hefur látið hjá líða að upplýsa bæjarbúa um áform sín um Héraðsskjalasafn Kópavogs og safngögn þess, sem sannarlega varða þá með almennum hætti og hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Jafnframt hefur bærinn látið hjá líða að upplýsa um áhrif þess og afleiðingar fyrir þjónustu sveitarfélagsins til skemmri og lengri tíma, fjárhag sveitarfélagsins, umhverfi og markmið sem að er stefnt með þessu, sbr. 103. grein upplýsingalaga nr. 140/2012.

Með því að leggja niður Borgarskjalasafn og Héraðsskjalasafn Kópavogs hafa borgarstjórn og bæjarstjórn sett í hendur milliliðar, Þjóðskjalasafni Íslands, lögbundna skyldu sína að veita eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga aðgang að skjölum sínum sbr. 80. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Héraðsskjalasafn skal starfa innan marka þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem reka það skv. 4. tl. 8. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Við niðurlagningu þessara skjalasafna er eðlilegt að þess sé krafist að lögum að safngögnin sem þá verða á vegum Þjóðskjalasafns Íslands verði áfram í héraði.

Sjálfstæði héraðsskjalasafna skv. 9. grein laga nr. 77/2014 felur í sér kröfu um faglega meðferð safngagnanna. Reykjavíkurborg hefur falið ófagmenntuðum sviðsstjóra yfirstjórn safngagna Borgarskjalasafns og Kópavogsbær hefur í hyggju að gera það sama með safngögn Héraðsskjalasafns

Kópavogs. Þetta er Sögufélagi Kópavogs áhyggjuefni þar sem í þessu felst óvirðing við faglega meðferð skjala, bæði opinberra og þeirra sem Sögufélagið hefur hvatt til að yrðu afhent Héraðsskjalasafni Kópavogs. Sá trúnaðarrestur sveitarfélaganna gagnvart borgurunum kallar á viðbrögð löggjafans. Skjölín eru með þessu móti án ábyrgs forstöðumanns með lagalega heimild til að varðveita, veita aðgengi að skjölum og vernda þau. Þetta varðar m.a. þá persónuvernd sem tryggð er í upplýsingalögum, lögum um opinber skjalasöfn og persónuverndarlögum.

Hvert héraðsskjalasafn á fætur öðru mun falla í framhaldi af niðurlagningu Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafns Kópavogs, frumvarpið miðar aðeins að því að auðvelda Þjóðskjalasafni að taka við niðurlögðum héraðsskjalasöfnum.

Kópavogi, 17. maí 2024.

f.h. Sögufélags Kópavogs

Þórður St. Guðmundsson formaður (sign)

Þóra Elfa Björnsson ritari (sign)

Frímann Ingi Helgason meðstjórnandi (sign)

Gunnar Svavarsson meðstjórnandi (sign)

Fygliskjal: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn með síðari breytingum. Kópavogi 7. mars 2024.